

Fundargerð

Aðalfundur Félags prófessora við ríkisháskóla haldinn þriðjudaginn 7. maí 2024 kl. 15–17

í húsnæði Íslenskrar erfðagreiningar, Tjarnarsal og á Teams

Sigrún Ólafsdóttir, formaður félags prófessora við ríkisháskóla (FPR), setti fundinn kl. 15.00. Samtals voru 50 félagar á fundinum, tæplega helmingur var á staðnum og aðrir á Teams. Formaður lagði til að Kári Kristinsson yrði kosinn fundarstjóri og var það samþykkt.

Fundarstjóri þakkaði traustið og tók við fundarstjórn.

Fundarstjóri lagði til að Lilja Þorgeirsdóttir framkvæmdastjóri FPR yrði ritari fundarins og var það samþykkt samhljóða.

Fundarstjóri tilkynnti að fundurinn væri lögmætur og löglega til hans boðað.

Því næst var gengið til dagskrár aðalfundar.

Dagskrá aðalfundar samkvæmt 4. gr. laga félagsins er eftirfarandi:

1. Lögð fram ársskýrsla stjórnar.
2. Lagður fram ársreikningur, gerður af löggildum endurskoðanda og yfirfarinn og áritaður af skoðunarmönnum.
3. Tillögur um lagabreytingar, ef fram koma.
4. Ákveðið félagsgjald sbr. 6. gr.
5. Stjórnarkjör, sbr. 8. gr.
6. Kosin kjörnefnd sbr. 8. gr.
7. Kosnir tveir skoðunarmenn reikninga.
8. Önnur mál.

1. Ársskýrsla stjórnar.

Fundarstjóri gaf Sigrúnu Ólafsdóttur formanni FPR orðið. Hún fór yfir það helsta sem hefur verið í gangi hjá félaginu á starfsárinu 2023–2024. Fyrir nánari upplýsingar vísaði hún í skýrslu stjórnar sem var send félagsfólki fyrir fundinn og má nálgast á heimasíðu félagsins.

Stjórn FPR starfsárið 2023–2024 skipuðu:

Sigrún Ólafsdóttir, formaður

Ólafur Páll Jónsson HÍ, varaformaður

Grétar Þór Eypórsson HA, gjaldkeri

Guðný Björk Eydal HÍ, meðstjórnandi

Hólmfríður Garðarsdóttir HÍ, meðstjórnandi

Ragna Benedikta Garðarsdóttir HÍ, meðstjórnandi

Zophonías Oddur Jónsson HÍ, meðstjórnandi

Þóroddur Bjarnason HÍ, meðstjórnandi

Hún byrjaði á því að fara yfir tölulegar upplýsingar um fjölda virkra félaga sem starfa hjá ríkis-háskólunum en þeir eru 380 talsins, flestir við Háskóla Íslands (HÍ) eða 339 manns. Við Háskólann á Akureyri (HA) eru 29 talsins, fimm starfa hjá Háskólanum á Hólum og sjö hjá Landbúnaðar-háskólanum. Meðalaldur félagsfólks er 58 ár og er hlutfall kvenna 39%.

Starfsemi félagsins: Stjórnarfundir voru 16 á tímabilinu. Kjaraviðræður hafa verið erfiðar og því fleiri stjórnarfundir en venjulega og einnig fundir með BHM og aðildarfélögum þess. Þá hafa verið fundir með Félagi háskólakennara (FH) og Félagi háskólakennara á Akureyri (FHA).

Félagsfundir voru í nóvember og desember. Annars vegar voru fundir hjá HA og hins vegar hjá Háskólanum á Hólum. Þá voru fundir á öllum fimm sviðum HÍ. Að auki var rafrænn fundur fyrir þau sem ekki komust á staðfundina. Á fundunum voru kynntar helstu niðurstöður kannana sem félagið stóð fyrir í september og október 2023. Í fyrri könnuninni var félagsfólk spurt um áherslur þess í kjaramálum félagsins. Seinni könnunin fjallaði um kjör, vinnumatskerfið og starfsaðstæður en hún var í samstarfi við FH og FHA. Þá voru umræður um þau málefni sem helst brenna á félagsfólki. Fundirnir voru áhugaverðir og gagnlegir en mikilvægt er að eiga virkt samtál við félagsfólk.

Hið árlega jólaboð emeríta var haldið þann 4. desember og var mjög ánægjulegt. Gestur kvöldsins var Valdimar Tr. Hafstein prófessor sem kynnti nýju bókina sína, Sund, sem hann skrifaði ásamt Kristínu Snorradóttur þjóðfræðingi.

Formaður fór í móttöku forseta Íslands, Guðna Th. Jóhannessonar, á Bessastöðum í tilefni af fullveldisdeginum þann 1. desember, en boðið var fyrir formenn verkalýðs- og stéttarféлага.

Hinn árlegi fundur norrænu háskólafélagana var haldinn dagana 12.–14. júní 2023 á Hótel Örk í Hveragerði. Fyrir fundinn var móttaka á Bessastöðum þar sem forseti, Guðni Th. Jóhannesson, tók á móti hópnum. Fundurinn var áhugaverður og gekk vel. Þar kom fram áhugi á auknu samstarfi um akademískt frelsi á Norðurlöndum og á því að gera könnun þar að lútandi. Stofnaður var starfshópur um málið og skipaði stjórn FPR Henry Alexander Henrysson og Hólmfríði Garðarsdóttur sem fulltrúa félagsins í hópinn. Næsti fundur verður í Bergen í júní 2024.

Kjaraviðræður og kröfugerð FPR: Í samninganefnd félagsins eru ásamt formanni þau Ólafur Páll Jónsson varaformaður og Ragna Benedikta Garðarsdóttir meðstjórnandi. Kjaraviðræðum miðar hægt. Mikil vinna hefur farið í undirbúning kjarasamninga hjá stjórn og samninganefnd félagsins. Náið samstarf hefur verið við BHM og 13 aðildarfélög þess. Þá er einnig gott samstarf við FH og FHA en fyrirhugað er að ganga til viðræðna með þeim við Samninganefnd ríkisins (SNR) og er fundur áætlaður í næstu viku.

Við undirbúning kröfugerðar félagsins fóru fram áður nefndar kannanir meðal félagsfólks um áherslur í kjarasamningum, kjör og starfsaðstæður og fleiri þætti. Í kjaraviðræðunum hefur verið mikilvægt að koma sjónarmiðum félagsins á framfæri varðandi prósentuhækkanir án þaks en ekki einungis krónu-töluhækkanir. Megináherslan er leiðrétting á dagvinnulaunum en prófessorar hafa setið eftir undanfarin ár. Samkvæmt greinargerð sem hagfræðingur BHM vann fyrir samninganefndir FPR, FH og FHA hefur kaupmáttur heildarlauna hjá háskólafélögum staðið í stað í 8–9 ár. Svipaða sögu er að segja um kaupmátt dagvinnulauna. Samanburður við önnur gögn ríkisins sem BHM hefur undir höndum sýnir að kaupmáttarstöðnunin hefur staðið yfir í mun lengri tíma hjá háskólafélögum en hjá öðrum félögum innan BHM, eða 2–3 árum lengur.

Að auki eru kröfur um hækkun launa á grundvelli skerðingar á lífeyri vegna samkomulags frá 2016. Vilji er fyrir því að stytta vinnuvikuna niður í 36 stundir, eins og gert hefur verið hjá flestum félögum

sem semja við ríkið. Ef það verður ekki gert verður að semja um launahækkun sem því nemur. Varðandi yfirvinnu vegna kennslu þarf að ná því í gegn að hún verði greidd eins og fyrir aðra yfirvinnu samkvæmt kjarasamningum. Þess utan þarf að auka jafnræði á milli skóla og sviða en mismunandi er hvort greitt sé fyrir yfirvinnu eða ekki. Þá er mikilvægt að bæta fjármögnum háskólastigsins og setja sérstakt fjármagn til að tryggja fjármögnum stofnanasamninga.

Málþing um kjör og líðan starfsfólks: Í aðdraganda kjaraviðræðna stóð félagið fyrir málþingi með FH og FHA þann 1. mars 2024 um kjör og líðan starfsfólks opinberu háskólanna. Á málþinginu, sem var mjög vel sótt, kom fram að starfsfólk er óánægt með kaup og kjör, þá sérstaklega prófessorar. Fram kom að prófessorar vinna langa vinnuviku eða 51 klukkustund að meðaltali. Stór hluti prófessora hefur ekki getað nýtt sér kennsluafsláttinn sem skyldi. Fólki líður ekki allt of vel á vinnustað og er mikill munur á HA og HÍ sem dæmi varðandi starfsánægju og líðan í starfi. Þá kom fram að rúmur þriðjungur akademíks starfsfólks er í hættu á kulnun sem þarf að taka mjög alvarlega. Skoða þarf hvernig hægt er að byggja upp betra starfsumhverfi. Í kjölfar málþingsins var umræða í fjölmiðlum um kjör háskólakennara, m.a. í Samfélaginu á Rás 1 og í Heimildinni.

Samráð um breytingar á kjörum innan háskólanna: Bæta þarf samráð þegar breytingar eru gerðar á kjörum og aðstæðum prófessora. Hér má nefna sem dæmi þegar ákvarðanir voru teknar varðandi breytingar á vinnurými og vinnuaðstöðu akademíks starfsfólks og þegar ákvörðun var tekin um að fjármagna ekki Sáttmálasjóð HÍ á þessu ári. Sú ákvörðun var tekin með nánast engum fyrirvara og hefur áhrif á kjörin, eins og greiðslur fyrir ráðstefnuferðir erlendis sem dæmi. FPR og FH sendu frá sér sameiginlega ályktun um málið. Annað mál sem er í skoðun innan HÍ er breyting á fyrirkomulagi fæðisfés þannig að fólk geti ekki lengur valið hvort það fær sér hádegisverð í Hámu eða fái greitt fæðisfé, en á móti verði afsláttur af matnum.

Eitt sem er jákvætt varðandi samræmingu á kjörum á milli HÍ og HA er samkomulag sem gert var við HA um að prófessorar við skólann fengju rannsóknarfé til samræmis við lektora og dósentu við HA og allt akademískt starfsfólk HÍ.

Reiknilíkan háskólanna: Nýtt reiknilíkan háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra leiddi til þess að HÍ breytti sínu deililíkani til samræmis við það. Sú ákvörðun hafði veruleg neikvæð áhrif á margar deildir og námsbrautir innan HÍ, sérstaklega þar sem breytingin var framkvæmd án aðlögunartíma og samráðs. Margar einingar þurftu að bregðast við gjörbreyttri fjárhagsstöðu án fyrirvara. Greining FPR sýnir að nýtt deililíkan letur enn frekar til þverfaglegs samstarfs í kennslu og að tekjur eininga geta komið seinna inn í kerfið, þar sem greitt er mun meira fyrir útskriftir en þá kennslu sem fer fram á hverju ári. Óskað var eftir fundi með yfirstjórn HÍ um málið og var fulltrúum FPR og FH boðið á fund með rektor, fjármálastjóra og sviðsforsetum. Farið var yfir áhyggjur félaganna og meðal annars lögð áhersla á aukið samtal og samráð vegna meiriháttar ákvarðana sem hafa áhrif á kjör og starfsumhverfi félagsfólks.

Fundarstjóri þakkaði formanni fyrir skýrsluna og opnaði fyrir umræður um hana.

Rætt var um samræmingu á kjörum varðandi rannsóknafé á Hólum og LBHÍ eins og gert var hjá HA og verður málið skoðað. Rætt var um breytingar á kjörum og samanburð í þeim efnum. Einnig var umræða um nauðsyn þess að samræma greiðslur á milli sviða HÍ fyrir sambærileg störf og nefnd sem er að störfum um málið. Þá var kennsluafsláttur til umræðu og aðkomu stundakennara til að létta á álagi.

2. Ársreikningur 2022.

Grétar Þór Eypórsson gjaldkeri félagsins og Lilja Þorgeirsdóttir framkvæmdastjóri gerðu grein fyrir ársreikningum félagsins fyrir árið 2023.

Grétar upplýsti fundinn um að endurskoðandi félagsins, Ágústa Katrín Guðmundsdóttir hjá Endurskoðun og reikningshaldi ehf., og skoðunarmenn félagsins, þeir Brynjólfur Sigurðsson og Jónatan Þórmundsson, væru búnir að undirrita ársreikninginn ásamt stjórn FPR.

Hann byrjaði á að fara yfir rekstrarreikninginn en afgangur af rekstri félagsins var 4 m.kr. á árinu 2023 samanborið við 6,5 m.kr. árið áður. Rekstrargjöldin hækkuðu um tæplega 3,4 m.kr. á milli ára. Laun og launatengd gjöld eru stærsti liðurinn þar sem laun hækkuðu á milli ára vegna kjarasamninga og breyting var gerð á greiðslu þóknunar til stjórnar sem fer núna í gegnum launakerfið en var áður greidd sem verktakagreiðsla. Aðildargjöld til BHM hækkuðu á milli ára á meðan kostnaður vegna félagsstarfsemi og skrifstofukostnaður lækkuðu og eru leigugreiðslur ein skýringin á því. Skrifstofan flutti frá Sögu og fékk afslátt á leigu vegna framkvæmda. Þá greiðir Starfsþróunarsjóður prófessora aukinn hlut í rekstrarkostnaði skrifstofunnar.

Efnahagsreikningurinn sýnir að eigið fé félagsins var í lok árs tæpar 50 m.kr. sem er hækkun frá árinu áður um rúmar 4 m.kr.

Hvað varðar rekstrarreikning Starfsþróunarsjóðs prófessora voru framlög í sjóðinn 44,7 m.kr. sem er hækkun um rúmar 2 m.kr. frá árinu áður. Úthlutaðir styrkir hækkuðu umtalsvert, úr 27,2 m.kr. í 45,5 m.kr. Ástæðan er fyrst og fremst fjölgun á styrkumsóknum en á árinu 2022 voru þær 186 en fóru í 242 árið 2023. Skýringin er að framan af árinu 2022 hafði Covid enn þá áhrif á framboð á ráðstefnum og viðburðum sem ýmist var frestað eða þær féllu niður. Önnur rekstrargjöld hækkuðu á milli ára þar sem sjóðurinn leggur meira fram til reksturs skrifstofunnar eins og áður hefur komið fram.

Eigið fé og skuldir voru í lok árs 97,2 m.kr. sem er hækkun um 2,8 m.kr. á milli ára, þannig að staða sjóðsins er býsna góð. Skýringin á sterkri stöðu sjóðsins er aðallega til komin vegna Covid en á meðan heimsfaraldrinum stóð safnaðist upp fjármagn þar sem umsóknum í sjóðinn fækkaði verulega.

Fundarstjóri þakkaði fyrir yfirferðina á ársreikninginum og opnaði fyrir umræðu um þá.

Spurt var um ástæðu þess að þóknun til stjórnar félagsins væri greidd í gegnum launakerfið en ekki sem verktakagreiðsla eins og áður. Framkvæmdastjóri upplýsti um að fyrri stjórn hefði talið eðlilegra að greiðslurnar færu í gegnum launakerfið eins og gert er hjá öðrum félögum. Með því móti þurfa fulltrúar ekki sjálfir að standa skil á launatengdum gjöldum. Stefnt er að sama fyrirkomulagi fyrir stjórn Starfsþróunarsjóðsins fyrir árið 2024.

Fundarstjóri bar ársreikningana upp til samþykktar og voru þeir samþykktir samhljóða.

3. Tillögur um lagabreytingar, ef fram koma.

Lagabreytingartillögur voru lagðar fyrir fundinn, annars vegar frá Bjarna K. Kristjánssyni (BKK) og hins vegar frá stjórn FPR.

Eftirtalin gögn voru send með fundargögnum viku fyrir fundinn:

- Lagabreytingartillögur BKK.
- Lagabreytingartillögur stjórnar FPR.
- Lög félagsins frá 17. maí 2022.
- Lög félagsins með öllum breytingartillögum í einu skjali.

Fundarstjóri bar það undir fundinn að lagabreytingartillögurnar yrðu bornar upp með handauppréttingu og var það samþykkt.

Fyrst var tekin fyrir lagabreytingartillaga BKK við 1. mgr., 8. gr. laganna um Stjórn og kjörnefnd. BKK fylgdi tillögu sinni úr hlaði: Eftirfarandi setning: „Stjórn félagsins er kjörin á aðalfundi“ breytist og verði svohljóðandi:

Stjórn félagsins skal kjörin í rafrænni kosningu, sem hefst fimm dögum fyrir og lýkur að hádegi á deginum sem aðalfundur er haldinn.

BKK sagði tilganginn að auka lýðræði í félaginu, enn fremur lýsti hann sig sammála breytingartillögu stjórnar við tillögu hans.

Breytingartillaga stjórnar við lagabreytingartillögu BKK er svohljóðandi:

Stjórn félagsins skal skipuð átta mönnum, formanni, varaformanni, gjaldkera og fimm meðstjórnendum. Ef fleiri eru í framboði til formanns og/eða í þau sæti stjórnar sem eru laus skal kosið rafrænt. Kosning hefst fimm dögum fyrir aðalfund og lýkur á miðnætti degi áður en hann er haldinn. Allir gildir félagar hafa atkvæðisrétt sbr. 4. gr.

Tillaga stjórnar var borin upp til afgreiðslu og **samþykkt samhljóða.**

Næst var tekin fyrir tillaga stjórnar um breytingu á 3. mgr., 8. gr. laganna.

Um er að ræða afleiðingu lagabreytingarinnar sem samþykkt var um að stjórn skuli kosin í rafrænni kosningu fyrir aðalfund.

Lagt var til að setning 5 breyttist og við bættust setningar 6 og 7:

Framboð til stjórnar sem kosið er um fyrir aðalfund skal birtast með fundarboði til aðalfundar. Kjörnefnd skipuleggur rafrænar kosningar á fulltrúum í stjórn og tilkynnir niðurstöður á aðalfundi. Kjörnefnd skal tryggja að framboð séu kynnt áður en kosning hefst.

Tillaga stjórnar var borin upp og **samþykkt samhljóða.**

Næst var tekin fyrir lagabreytingartillaga stjórnar við 4. gr. um Aðalfund.

Tillagan var á þessa leið: 1. mgr. línur 7 og 8 breytist og hljóði svo:

Við stjórnarkjör fyrir aðalfund hafa allir gildir félagar kosningarétt. Við afgreiðslu annarra mála á aðalfundi hafa félagsmenn, aðrir en emeriti, sem eru viðstaddir aðalfundinn atkvæðisrétt.

Fundarmenn voru sammála um að félagsmenn aðrir en emeriti hefðu kosningarétt við stjórnarkjör fyrir aðalfund og við afgreiðslu annarra mála á sjálfum aðalfundinum eins og fram kemur í lögum félagsins. Umræða var um að endurskoða orðalagið betur. Lagt var til að fela stjórn að endurskoða og umorða tillöguna í samræmi við skilning fundarins.

Tillagan var borin upp og samþykkt samhljóða.

Næst var tekin fyrir lagabreytingartillaga BKK við 4. gr. um Aðalfund.

Lagt er til að dagskrárliður 5 í dagskrá aðalfundar breytist og verði á þessa leið: Niðurstöður stjórnarkjörs kynntar, sbr. 8. gr.

Tillagan var samþykkt samhljóða.

Næst var tekin fyrir tillaga stjórnar að nýjum kafla í lögnum, 7. gr. um Sjóði.

Byrjað var á kafla 7.1. um Kjaradeilusjóð. Hann verði á þessa leið:

7.1. Kjaradeilusjóður.

Félagið starfrækir kjaradeilusjóð sem er ætlað að styrkja stöðu félagsfólks í vinnudeilum. Stjórn félagsins fer með yfirstjórn sjóðsins og setur reglur um hann. Stjórn ákveður upphæð sem lögð er inn í sjóðinn hverju sinni í samræmi við fjárhag og reglur sjóðsins.

Ragna Benedikta Garðarsdóttir og Sigrún Ólafsdóttir fylgdu tillögunni úr hlaði f.h. stjórnar. Stjórn telur mikilvægt í kjarabaráttu að stofna sjóð til framtíðar. Ef tillagan verður samþykkt er lagt til að hækka félagsgjöldin sbr. dagskrárlíð 4 sem er á dagskrá eftir lagabreytingar. Umræða var um málið. Fram komu nokkrar breytingartillögur við tillögu stjórnar og var niðurstaðan að leggja til eftirfarandi:

Félagið starfrækir kjaradeilusjóð sem er ætlað að styrkja stöðu félagsfólks í vinnudeilum. Stjórn félagsins fer með yfirstjórn sjóðsins. Stjórn gerir tillögu að reglum um sjóðinn og upphæð sem er lögð inn í sjóðinn hverju sinni. Þær tillögur skuli lagðar fyrir aðalfundi til samþykktar.

Breytingartillagan var borin upp og var hún samþykkt. Einn var á móti.

Næst var tekin fyrir tillaga að kafla 7.2. um Starfsþróunarsjóð prófessora. Hann hljóði svo:

7.2. Starfsþróunarsjóður prófessora

FPR starfrækir Starfsþróunarsjóð prófessora (SP). Félagið skipar fulltrúa félagsins í stjórn SP í samræmi við kjarasamninga, samþykktir og starfsreglur sjóðsins sem samþykktar eru af stjórn FPR.

Sigrún Ólafsdóttir fylgdi tillögunni úr hlaði. Sjóðurinn er þegar starfandi en nauðsynlegt að lög félagsins taki til hans enda skipar stjórn fulltrúa félagsins í hann. Bent var á að heiti félagsins væri skammstafað í þessari grein en ekki á öðrum stöðum í lögum félagsins og lagt til að breyta því á eftirfarandi hátt:

7.2. Starfsþróunarsjóður prófessora

Félagið starfrækir Starfsþróunarsjóð prófessora (SP). Félagið skipar fulltrúa félagsins í stjórn SP í samræmi við kjarasamninga, samþykktir og starfsreglur sjóðsins sem samþykktar eru af stjórn félagsins.

Tillagan var samþykkt samhljóða.

Númer næstu lagagreina sem á eftir koma breytast í takt við nýja grein.

Næst var 11. gr. um Nefndir og trúnaðarmenn tekin fyrir.

Lagabreytingartillaga BKK og breytingartillaga stjórnar við henni.

BKK fylgdi tillögu sinni út hlaði.

Hann leggur til að fyrstu 3 línur falli brott og í staðinn komi eftirfarandi texti:

Við hvert svið Háskóla Íslands og við hvern hinna opinberu háskólanna skal stjórn félagsins beita sér fyrir að trúnaðarmenn séu kjörnir. Trúnaðarmaður er tengiliður stjórnar og félagsmanna á hverjum stað, auk þess að vera tengiliður félagsmanna við svið og háskóla. Trúnaðarmenn félagsins mynda trúnaðarmannaráð sem fundar árlega með stjórn félagsins um málefni félagsins. Síðasta setningin í greininni verði áfram óbreytt.

BKK lagði áherslu á mikilvægi trúnaðarmanna í starfi stéttarféлага og stuðning þeirra við stjórn félagsins. Þá væri mikilvægt að skipa trúnaðarmenn fyrir hvert svið hjá HÍ.

Breytingartillaga stjórnar við tillögu BKK. Fyrsta setningin í lögum félagsins verði áfram óbreytt:

Stjórnarmenn eru jafnframt trúnaðarmenn á sínum vinnustað.

Setning tvö breytist og verði svohljóðandi:

Við ríkisháskóla þar sem enginn stjórnarmaður er starfandi skulu trúnaðarmenn tilnefndir af stjórn félagsins í samráði við félagsfólk á sínum vinnustað.

Þá er lagt til að bæta við nýrri setningu sem komi á eftir:

Það sama á við á þeim sviðum Háskóla Íslands þar sem trúnaðarmenn vantar.

Setning 3 í lögum félagsins verði áfram óbreytt:

Trúnaðarmaður er tengiliður stjórnar og félagsmanna.

Næst kemur tillaga BKK og er stjórn sammála henni:

Trúnaðarmenn félagsins mynda trúnaðarmannaráð sem fundar árlega með stjórn félagsins um málefni félagsins.

Síðasta setningin í greininni verði áfram óbreytt.

Sigrún Ólafsdóttir fylgdi tillögu stjórnar út hlaði. Hún sagði mikilvægt að stjórn væri vel inni í málum og því æskilegt að fulltrúar í stjórn væru áfram trúnaðarmenn eins og nú en bæta mætti við trúnaðarmönnum þar sem þá vantaði, eins og BKK leggur til, að það verði einnig trúnaðarmenn fyrir hvert svið innan HÍ. Þá sagði hún stjórn sammála stofnun trúnaðarmannaráðs sem yrði samráðsvettvangur um störf trúnaðarmanna.

Breytingartillaga stjórnar var borin upp til afgreiðslu.

Tillagan var samþykkt. Einn var á móti.

Næst voru tekin fyrir Ákvæði til bráðabirgða. Tillaga stjórnar:

Fyrsta ákvæðið um aðalfund 2023 leggur stjórnin til að falli brott þar sem það á ekki lengur við. Þá var lagt til að ákvæði tvö yrði leiðrétt. Þar er vísað í ranga mgr. og gr. í lögnum.

Þriðja ákvæðið um ad hoc kjörnefnd fyrir aðalfund 2023 á ekki lengur við og lagt til að það falli brott.

Ofangreindar breytingar voru samþykktar samhljóða.

Að lokum var tekin fyrir eftirfarandi tillaga stjórnar:

Stjórn leggur til að orðinu „félagsmenn“ verði breytt í lögnum í „félagar og félagsfólk“ þar sem það á við. Stjórn FPR verði falið að gera breytingarnar og laga textann til samræmis þar sem þess er þörf.

Sigrún fylgdi tillögunni úr hlaði og sagði þetta vera í takt við þróunina í samfélaginu.

Tillagan var samþykkt. Tveir voru á móti.

4. Ákveðið félagsgjald sbr. 6. gr.

Stjórn félagsins lagði til hækkun á félagsgjaldi. Tillagan hljóðar svo:

Tillaga til aðalfundar FPR þann 7. maí 2024 um árgjald sbr. 6. gr. laga félagsins:

Stjórn félags FPR leggur til við aðalfund að félagsgjaldið verði hækkað úr 0,8% í 0,9% af launum félagsfólks. Rökin fyrir hækkun á félagsgjaldi er að skapa svigrúm til að greiða í kjaradeilusjóð ef tillaga þar um verður samþykkt á aðalfundinum.

Tillagan var borin upp til afgreiðslu. Tillagan var samþykkt. Tveir voru á móti.

5. Stjórnarkjör sbr. 8. gr.

Fundarstjóri gaf formanni kjörnefndar félagsins orðið.

Ingibjörg Svalla Jónsdóttir sagði frá starfi kjörnefndar.

Í kjörnefnd eru auk hennar þau Engilbert Sigurðsson og Steinunn Hrafnadóttir.

Framboðsfrestur var til 1. apríl í þau embætti sem voru laus. Upplýsingar þar að lútandi voru sendar félagsfólki þann 6. mars og ítrekun send 25. mars. Fundargögn voru send út viku fyrir fundinn með upplýsingar um frambjóðendur. Framboðsfrestur er runninn út og ekki hægt að bjóða sig fram á fundinum.

Að þessu sinni á að kjósa fjóra meðstjórnendur til tveggja ára:

Tveir í stjórn gáfu ekki áfram kost á sér í stjórn, þau Grétar Þór Eypórsson og Hólmfríður

Garðarsdóttir. Guðný Björk Eydal og Þóroddur Bjarnason gáfu kost á sér til endurkjörs.

Tvö ný framboð bárust, frá þeim Eyju Margréti Jóhönnu Brynjarsdóttur frá HÍ og Hermínu

Gunnþórsdóttur frá HA. Þannig bárust jafnmörg framboð og átti að kjósa um.

Kosið var með handauppréttingu og **voru eftirtalin sjálfkjörin samhljóða:**

- Eyja Margrét Jóhönnu Brynjarsdóttir, HÍ
- Guðný Björk Eydal, HÍ
- Hermína Gunnþórsdóttir, HA
- Þóroddur Bjarnason, HÍ

6. Kosin kjörnefnd sbr. 8. gr.

Þau þrjú sem eru í kjörnefnd voru kosin á aðalfundi 2023 til þriggja ára og því þarf ekki að kjósa í nefndina að þessu sinni en þau eru:

- Ingibjörg Svalla Jónsdóttir
- Engilbert Sigurðsson
- Steinunn Hrafnadóttir

7. Kosnir tveir skoðunarmenn reikninga.

Skoðunarmenn félagsins til margra ára, þeir Jónatan Þórmundsson og Brynjólfur I. Sigurðsson, gáfu ekki áfram kost á sér.

Tveir gáfu kost á sér sem skoðunarmenn reikninga til eins árs. Þeir sem gáfu kost á sér eru búnir að starfa fyrir félagið í mörg ár og voru eftirfarandi:

- Gísl Már Gíslason
- Þórólfur Matthíasson

Kjör þeirra var samþykkt samhljóða með handauppréttingu.

Ingibjörg Svalla lauk máli sínu með því að þakka öllum þeim sem buðu sig fram til starfa fyrir félagið kærlega fyrir það.

Fundarstjóri tilkynnti að nú væri komið að liðnum um önnur mál.

8. Önnur mál.

Tvær ályktanir lágu fyrir fundinum.

Bóroddur Bjarnason lagði fram eftirfarandi tillögu um fundarstjórn:

„Í ljósi þess að fundartíminn er löngu liðinn legg ég til að hafa framhaldsaðalfund eða félagsfund um liðinn um önnur mál í september.“

Fundarstjóri gaf orðið laust um tillöguna.

Umræða var um málið og voru skiptar skoðanir á því.

Fundarstjóri lagði til að kosið yrði um tillöguna um framhaldsaðalfund í september.

Tillagan var samþykkt. 15 samþykktu tillöguna og 13 voru á móti.

Sigrún Ólafsdóttir þakkaði fólki fyrir þolinmæðina að sitja fundinn fram yfir áætlaðan tíma.

Fleira var ekki gert og kl. 17.30 var fundinum frestað fram í september.

Fundarritari, Lilja Þorgeirsdóttir.

Reykjavík, 7. maí 2024

Sigrún Ólafsdóttir, formaður
Félags prófessora við ríkisháskóla